

Blásarasveitin Hnúkapeyr

ásamt hljóðfæraleikurum úr strengjasveitinni Aþenu

9. febrúar 2008 kl. 14 í Salnum í Kópavogi.

[Úr efnisskrá. Hljóðfæraleikarar Aþenu tóku þátt í einu verki á tónleikunum, frumflutningi á verki Jónasar Tómassonar. Hljóðfæraleikarar Aþenu sem taka þátt í flutningi þess verks Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla, Sigurlaug Eðvaldsdóttir fiðla og Þórir Jóhannsson kontrabassi]

Jónas Tómasson
f. 1946

Concertino fyrir 2 fiðlur og litla kammersveit
Frumflutningur

Að afloknu námi í Reykjavík, m.a. hjá þeim Jóni Þórarinssyni og Þorkatli Sigurbjörnssyni, hélt **Jónas Tómasson** (f. 1946) til framhaldsnáms í Amsterdam 1969-72 hjá þeim Ton de Leeuw, Léon Orthel og Jos Kunst. Nú kennir Jónas við Tónlistarskóla Ísafjarðar og hefur hann jafnframt stjórnað ýmsum hljóðfærasveitum og kórum bæjarins. Þessar kringumstæður hafa örvað Jónas til að semja fyrir þá tónlistarmenn og hljóðfæraflokka sem hann starfar með. Eftir hann liggur fjöldi verka og þar eru hljómsveitar-, kammer- og kórverk mest áberandi. Oftast er tónlistin hægferðug, innhverf og mjög frjálís í formi.

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari stundaði framhaldsnám við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Kanada og sótti síðar tíma til Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hún hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum, kammersveitum og minni hópum í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Hlíf kennir einkanemum í New York borg og í Reykjavík.

Sigurlaug Eðvaldsdóttir nam fiðluleik við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og útskrifaðist þaðan árið 1983. Framhaldsnám stundaði hún í Manhattan School of Music í New York hjá Ani Kavafian. Eftir námið starfaði hún í 5 ár við sinfóníuhljómsveit í Mexíkó. Frá haustinu 1994 hefur Sigurlaug starfað í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún er meðlimur í ýmsum tónlistarhópum m.a. Kammersveit Reykjavíkur og strengjasveitinni Aþenu. Sigurlaug spilar einnig reglulega á vegum Kammermúsíklúbbsins og í Íslensku óperunni.

Þórir Jóhannsson lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og síðar Postgraduate Diploma frá the Royal Northern College of Music í Manchester. Hann spilaði með Sinfóníuhljómsveit Íslands í tvö ár, en fluttist þá til Danmerkur þar sem hann bjó í rúm fjögur ár. Þar vann hann við kennslu og var lausráðinn við nokkrar helstu hljómsveitir beggja vegna Eyrasunds. Þórir flutti aftur til Íslands haustið 2000 og er nú fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er kennari í Tónlistarskóla Kópavogs og er virkur í kammertónlistarlífi Reykjavíkur. Hann hefur frumflutt tvö einleiksverk sem voru samin sérstaklega fyrir hann, „Gradus ad Profundum“ eftir Karólínu Eiríksdóttur og „Bagatelle“ eftir Óliver Kentish.